

Starfsskýrsla Hestamannafélagsins Hendingar fyrir árið 2023.

Aðalfundur Hestamannafélagsins Hendingar var haldinn 19. apríl 2023 í reiðhöllinni Kaplaskjól, var hann bærilega sóttur. Í stjórn voru kosin: Marínó Kristinn Hákonarson formaður, Bryndís Birgisdóttir gjaldkeri, Ólöf Einarsdóttir varaformaður, Ólafía Þorsteinsdóttir ritari og Jóhanna Ása Einarsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn voru kjörnar Auður Björnsdóttir og Þórdís Björnsdóttir. Skoðunarmenn reikninga voru kjörin þau Júlía Bj. Þórðardóttir og Össur Össurarson og til vara Auður Björnsdóttir og Guðmann Guðmundsson. Stjórnarfundir voru tveir á árinu.

Haldin voru tvö reiðnámskeið og eitt járningarnámskeið á starfsárinu og voru þau vel sótt. Á þessum námskeiðum voru jafnt ungir sem aldnir að vinna saman, annaðhvort við að rifja upp, læra frá grunni eða rifja upp. Allt gert til að auka færni sína og þekkingu á reiðlistinni og meðhöndlun á árangursríkum tamninga- aðferðum. Járnanganámskeiðið er það fyrsta sem félagið stendur að í langan tíma og var aðstaðan í reiðhöllinni notuð við kennsluna. Tókst námskeiðið mjög vel. Þátttakendur voru fimmtán og flestir að þreyta frumraun sína á þessu sviði. Tilkoma reiðhallarinnar hefur gert okkur kleift að hafa fræðslustarfið markvissara þar sem að nú þurfum við ekki að bíða eftir sumrinu eða fresta vegna veðurs. Þeir sem sáu um skipulagningu á þessum námskeiðum vil ég þakka fyrir vinnu sína.

Félagsmenn Hendingar hafa undanfarin 17 ár orðið að leita út fyrir félagssvæði sitt til að taka þátt í keppni í hestaíþróttum. Ekki bólar á því að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ætli að standa við samkomulag sem gert var árið 2017 um uppbyggingu keppnisaðstöðu í Engidal og ekki er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun ársins 2024. Mega þeir skammast sín fyrir það. Félagsmenn Hendingar hafa þó mætt til keppni á Reykjavíkursvæðinu, á Suðurlandi og á Söndum í Dýrafirði þegar Stormur halda sín mót. Einnig höfum við átt fulltrúa á Landsmóti Hestamanna þrátt fyrir að þeir hafi þurft að sækja úrtökur í aðra landshluta að vetrarlagi.

Nokkur deyfð hefur verið yfir starfi Hendingar á liðnu ári. Þreyta og vonbrigði hafa einkennt margt í starfinu og má nefna að ekki tókst að manna störf við að teyma undir börnum á 17. júní annað árið í röð. Lítið var um samkomur til að létta lundina. Þó tóku menn þátt í karla- og kvennareið sem hefur verið fastur liður í starfi hestamanna á svæðinu undanfarin ár. Formannafundur Landssambands

Hestamanna var ekki sóttur vegna forfalla. Formannafundur og þing HSV voru sótt en tilnefning til íþróttamanns Ísafjarðarbæjar féll niður.

Unnið var eins og undanfarin ár við viðhald og gerð reiðvega. Áfram var unnið við að ljúka gerð reiðhallarinnar. Lokið er við smíði á svölum og stiga fyrir flóttaleið frá efri hæð reiðhallarinnar og á nú einungis eftir að setja upp svalirnar með tilheyrandi búnaði. Verk þetta var að mestum hluta unnið af Jónasi Björnssyni og barnabarni hans Þorvarði Benediktssyni. Smíðin er til fyrirmyndar og segir til um metnað þeirra sem að stóðu. Er þeim þakkað sérstaklega fyrir þessa vinnu sem er í senn ómetanleg og höfðingleg. Þá hafa þeir Össur Össurarson og Þorsteinn Magnfreðsson eitt ófáum tímunum í sal reiðhallarinnar undir leiðsögn Elfars Reynissonar við að smóða öryggisleiðara og áhorfendastæði í reiðhallarrýminu. Öll öryggisatriði í höllinni batna til muna við þessa aðgerð og erum við stolt af þessari framkvæmd. Hafið bestu þakkir fyrir kæru félagar.

Eins og fram kom fyrr í skýrsluna hafa vallarframkvæmdir legið niðri á liðnu ári. Nú í ár átti að ljúka uppbyggingu valla og aðstöðu í engidal. Ísafjarðarbær er ekki sá aðili í samningnum sem hefur metnað til að standa við það sem samið var um og þarf þar af leiðandi að beita öðrum aðferðum til að ná fram niðurstöðu. Eftir stendur upphaf þessara framkvæmda sem í raun er hættulegt bæði mönnum og dýrum eins og hann er í dag. Hestamannafélagið ber enga ábyrgð á núverandi stöðu eins og hún er í dag.

Marínó Kristinn Hákonarson

formaður Hestamannafélagsins Hendingar